fjörið ... Fólk
folk@frettabladid.is

spáðu í framtíðina
mms.is
innritun stendur yfir
MARGMIÐLUNARSKÓLINN
IÐNSKÓLANUM Í REYKJAVÍK
www.ir.is og www.mms.is
Rafræn innritun er á:
www.inna.is/umsokn

LÉTT BYLGJAN 967
- RÉTTU LÖGIN...ALLTAF!



MAGNÚS MEÐ MILLJÓNIRNAR Hann ætlar ekki, þrátt fyrir orð Loga, að eyða þessu í vitleysu heldur leggja megnið fyrir.

Býður MR-ingum bjór á línuna

Meistari Magnús – Magnús Þorlákur Lúðvíksson – var sá yngsti sem tók þátt í Meistaranum, sigraði og fór frá sem sigurvegari með fimm milljónir í verðlaun.

„Ég var búinn að lofa því áður en Meistarinn hófst og ég myndi vinna, að gefa öllum, en ég er að fara í útskriftarferð til Tenerife með MR, fyrsta bjórinn í ferðinni. Ég verð að standa við það og þetta er náttúrlega tóm vitleysa," segir Magnús Þorlákur Lúðvíksson og vonar að Logi verði ánægður með það. Magnús hafði sigur í Meistaranum. Hann sigraði Pálma Óskarsson í æsispennandi viðureign í þætti sem sýndur var í gærkvöldi.

Magnús Þorlákur, sem hér eftir verður varla kallaður annað en Meistari Magnús, en sæmdarheitið fær hann til eignar í ár, hafði að auki í sigurlaun heilar fimm milljónir króna. Stóra spurningin er náttúrlega sú hvað hann ætli að gera við peninginn en Logi Bergmann Eiðsson hefur látið þess svo getið í viðtali við Fréttablaðið að hann vonaðist til þess að sigurvegarinn eyddi verðlaunafénu í tóma vitleysu. Honum verður ekki að ósk sinni, fyrir utan bjór á línuna fyrir útskriftarárgang MR, því Magnús er skynsamur menntskælingur og hyggst leggja megnið fyrir. Enda á þeim aldri að fyrir dyrum standa á næstu árum ýmsar fjárfestingar. En ekkert er fyrirliggjandi í þeim efnum. En Magnús segir þetta gefa sér frelsi til að gera það sem sig langi til að gera. Framtíðin er óráðin enda liggur ekkert á með að ákveða eitt né neitt í þeim efnum.

Spurningagarpar kvennaljómar

Aðspurður sagðist hann reikna með því, eftir sýningu úrslitaþáttarins, að einhverjir yrðu til að sníkja af sér pening. Eða biðja um lán. Og því ágætt að binda sem mest í banka.

Magnús lýkur stúdentsprófi frá MR á næsta ári en hann er einnig í sigurliði skólans í Gettu betur.

„Ég vil nú ekki orða það svo að ég sé spurningaleikjaóður en ég hef gaman af þessu og þetta hefur gefist mér vel hingað til. En ætli maður leggi þetta ekki á hilluna þegar maður útskrifast úr menntaskóla. Reikna ekki með að ég verði endalaust í spurningakeppnum en við sjáum til," segir Magnús og hlær við aðspurður hvort það að vera spurningagarpur gefist ekki vel á kvennafari en Magnús er ólofaður. „Eigum við ekki bara að segja það."

Magnús er yngsti keppandinn sem tekið hefur þátt í Meistaranum. Og þar með langyngsti sigurvegarinn, sem er met sem varla verður slegið. Hann hafði aðeins verið 18 ára í tvær vikur þegar hann fór í forprófið fyrir Meistarann en aldurstakmark er einmitt 18 ár. Á leið sinni að Meistara-titlinum lagði Magnús Pálma, Helga Árnason skólastjóra (föður sigurvegarans frá í fyrra), Björn Guðbrand Jónsson líffræðing og Baldvin Má Baldvinsson sem einnig er Gettu betur-strákur.

Marijúana reyndist Magnús vel

Að sögn sigurvegarans voru allir mótherjar skæðir en Pálmi sýnu erfiðastur.

„Það leit ekki út fyrir að ég myndi hafa þetta fyrr en í lokin. Ég lenti upp við vegg og var í óþægilegri stöðu. Lenti mest undir níu stig en hafði þetta á síðustu spurningunni." Þar var spurt um bernskubrek David Cameron, formanns breska íhaldsflokksins, en hann hafði þá reykt marijúana. Magnús segir oft talað um hversu skaðlegt það efni sé en ekki hafi svo reynst í þessu tilfelli hvað sig varði.

Magnús er búsettur í Vesturbænum í Reykjavík, að sögn örverpi en hann á tvö eldri systkini í kringum þrjátíu ára aldurinn en foreldrar eru Lúðvík Sigurður Georgsson, sem starfar fyrir Jarðhitaskóla Sameinuðu þjóðanna, og Sonja Garðarsdóttir, sem starfar hjá Heilsuverndarmiðstöðinni.

„Og ef þú vilt spyrja mig hvað ég ætli að gera í sumar þá svara ég því að ég er ekki kominn með vinnu enn. Og auglýsi hér með eftir henni. Júju, ég hef kannski alveg efni á því að gera ekki neitt en það hlýtur að vera leiðigjarnt að flatmaga í allt sumar," segir Meistari Magnús.

jakob@frettabladid.is

15 milljónir
Þrefaldur pottur!
Náðu þér í Lottómiða á næsta sölustað eða á lotto.is
Dregið í áskriftarleiknum á laugardaginn
Lotto
lotto.is

Kraftur á Kjarvalsstöðum

Ánægjan kraumaði á Kjarvalsstöðum á laugardaginn þegar hönnunarsýningin Magma/Kvika var opnuð. Sýningin hefur samtímahönnun að viðfangsefni sínu og er ein sú viðamesta sem sett hefur verið upp. Um áttatíu hönnuðir sýna verk sín á Kjarvalsstöðum og miðað við undirtektir á laugardag var ekki annað að sjá en að sýningarinnar hefði verið beðið með eftirvæntingu.



ÍSLENSK HÖNNUN Garðar Gíslason og Gísli Ragnarsson virtu íslensku hönnunina fyrir sér og virtust ánægðir með framboðið.




ÁNÆGÐIR GESTIR Þær Vala Kristjánsson, Elísabet Ingvarsdóttir og Anna Guðjónsdóttir voru á meðal þeirra sem lögðu leið sína á Kjarvalsstaði á laugardag.



GÓÐUR FÉLAGSSKAPUR Það virtist fara vel á með þeim Hrafni Gunnlaugssyni og Jóni Sigurðssyni, formanni Framsóknarflokksins, á opnuninni á laugardag.



Í LAUSU LOFTI Grafík Katrínar Ólínu Pétursdóttur á hjálmum og snjóbrettum vakti athygli margra gesta á Kjarvalsstöðum.



KÁTIR Á KVIKU Eyjólfur Pálsson og Ísak Winther voru glaðir í bragði, en Ísak er einn íslensku hönnuðanna sem sýnir verk sín á Magma/Kviku.



KAKA MEÐ SPRENGIKRAFTI Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, sýningarstjóri Magma/Kviku, leiddi Jón Sigurðsson í allan sannleika um hvernig baka eigi virka eldfjallaköku.